

Ed.

411. Breytingartillögur

[110. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar jarðir í opinberri eigu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr.

- a. Orðin „og sé við söluna tekið tillit til kröfu þeirrar, er jarðeigandi á á hendur Brunabótafélagi Íslands, ef aftur verður byggt upp á jörðinni“ í 2. tölulið falli niður.
- b. Síðasta málsgr. 1. gr. orðist svo:

Söluverð Fagraness og Granda skal ákveðið af dómkvöddum mönnum. Við mat Granda skal taka tillit til þess, að ríkissjóði hefur við úttekt verið gert að kaupa hús og mannvirki fráfaranda á kr. 6875. Við mat á Fagranesi skal taka tillit til, hversu semst við Brunabótafélag Íslands um greiðslu vegna brunatjóns, sem jarðareigandi á á hendur félaginu, og haga matinu í samræmi við það.